



## Reglur um garðslátt fyrir eldri borgara og öryrkja

### 1. gr.

#### Réttur til garðsláttar

Rétt til garðsláttar eiga:

- Ellilífeyris- og örorkulífeyrisþegar með lögheimili í Sveitarfélaginu Stykkishólmi, sem hafa fasta búsetu í eigninni og geta ekki hirt lóðir sínar hjálparlaust.
- Þjónustan er eingöngu veitt þar sem allir heimilismenn eru ellilífeyris- og/eða örorkulífeyrisþegar.
- Ekki er veitt þjónusta þar sem aðrir heimilismenn, 18 ára og eldri, geta annast slátt.

### 2. gr.

#### Umsóknir og umsjón

Umsóknir um garðslátt skulu berast á Miðstöðvar öldrunarþjónustu á eyðublöðum sem þar fást eða rafrænt á þar til gerðum eyðublöðum sem finna má á vefsíðu sveitarfélagsins.

Miðstöð öldrunarþjónustu ber ábyrgð á meðferð og afgreiðslu umsókna um þjónustu. Skipulag- og framkvæmd þjónustunnar er á höndum verkstjóra í þjónustumiðstöð.

### 3. gr.

#### Fjöldi slátta og stærð lóða

Þjónustuþegar geta óskað eftir slætti þrisvar sinnum yfir sumarið, tímabilið júní – ágúst ár hvert. Þjónustan felst í því að grasflatir innan skilgreindra lóðarmarka er slegnar og gras hirt og fjarlægð. Ekki er boðið upp á áburðagjöf, beðahreinsun eða önnur garðyrkjustörf.

Grasflatir skulu vera aðgengilegar fyrir slátt. Einungis er slegið þegar um er að ræða einbýlishús, parhús eða raðhús.

### 4. gr.

#### Gjaldskrá

Gjald fyrir garðslátt miðast við gjaldskrá Sveitarfélagsins Stykkishólms hverju sinni og er innheimt í lok sumars. Gjald tekur breytingum ár hvert í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

Árið 2026:

- Lítill garður (allt að 250 m<sup>2</sup>) **kr. 8.060 m vsk**
- Meðalstór garður (allt að 450 m<sup>2</sup>) **kr. 10.540 m vsk.**
- Stór garður (allt að 650 m<sup>2</sup>) **kr. 12.400 m vsk.**
- Stærri lóðir (650 m<sup>2</sup> eða stærri) **kr. 12.400 m vsk. per. byrjuð klst.**

Samþykkt á 43. fundi bæjarstjórnar Stykkishólms 11. desember 2025. Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 2026.

Stykkishólmur, 16. desember 2025.

  
Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson,  
bæjarstjóri